

verið synjað um slíkan úrskurð eða hann liggur ekki fyrir ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 333/1987. Bæjarstjórinn á Akureyri

f.h. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Ágústi Halblaub

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Lífeyrisréttur. Túlkun kjarasamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s.m., samkvæmt heimild í 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 4.385,59 krónur með dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði svo sem hér segir: 2,75% frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi

til 1. mars 1987, með árlegum dráttarvöxtum frá þeim degi svo sem hér segir: 30% til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á. 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 17. nóvember s.á. og lóks með árlegum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi 30.000,00 króna í málskostnað í héraði auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi lækkað stefnukröfu sína úr 6.051,59 krónum í 4.385,59 krónur vegna reikningssskekkju við upphaflega kröfugerð.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Stefndi var stöðvarstjóri hjá Laxárvirkjun frá 1. mars 1939 (en ekki 1. janúar 1942, eins og í héraðsdómi segir) þar til 1. júní 1959 og greiddi iðgjöld í Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar. Hinn 1. ágúst 1980 fór stefndi að fá eftirlaunagreiðslur úr sjóðnum. Ekki er ágreiningur um það, að stefnda beri 40,5% af þeim launum, sem stöðvarstjóri Laxárvirkjunar hefur, en aðila greinir á um það hver viðmiðunarlaunin skuli vera. Í máli þessu er einungis gerð krafa vegna einnar mánaðargreiðslu, þ.e. desember 1984, til þess að fá skorið úr ágreiningi þeirra.

Í 13. gr. 2. mgr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967, sem í gildi var, er stefndi hóf töku ellilífeyris, segir: „Upphæð eftirlauna er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast.“ Samhljóða ákvæði er í grein 3.3 í samkomulagi um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Akureyrar frá 28. ágúst 1980. Eftirlaun þau, sem stefndi hefur fengið greidd, eru miðuð við mánaðar kaup (dagvinnutaxta) eftir 10 ára starf auk 25% álags. Í bréfi Knúts Ottersted, svæðisstjóra Landsvirkjunar á Akureyri, frá 3. nóvember 1980, segir svo: „Stjórn Laxárvirkjunar samþykkti þann 2. desem-

ber 1968 að frá og með 1. janúar 1968 skyldu laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun vera 25% hærri en laun venjulegra vaktmanna virkjunarinnar. " Var sú skipan óbreytt í desember 1984. Samkvæmt þessu og með vísan til 13. gr. 2. mgr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967 ber að miða greiðslu eftirlauna stefnda fyrir desember 1984 við þau laun, er stöðvarstjóri Laxárvirkjunar hafði þann mánuð. Ber því, að leiðréttri stefnukröfu, að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að vextir ákvarðast eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, bærstjórinn á Akureyri f.h. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, greiði stefnda, Ágústi Halblaub, 4.385,59 krónur með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til stefnubirtingardags 30. janúar 1986, 33,3% frá þeim degi til 1. mars s.á., 18,5% frá þeim degi til 11. s.m., 20% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% frá þeim degi til 11. október s.á., 15,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 16,25% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., 20% frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað í héraði og 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bærþings Akureyrar 8. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. fyrra mánaðar að undangengnum málflutningi þann sama dag, hefur Björn Jósef Arnviðarson hdl. höfðað með stefnu útgefni á Akureyri þ. 29. janúar 1986 fyrir hönd Ágústs Halblaub,

nnr. 0129-3869, Digranesvegi 95, Kópavogi, á hendur Helga M. Bergs bæjarstjóra, formanni stjórnar Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, fyrir hönd eftirlaunasjóðsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.051,59 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 01.01. 1985 til 01.02. s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1986 og með 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1987 og síðan með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi á mánuði til greiðsludags.

Svo er og krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvik eru þau að stefnandi var stöðvarstjóri við Laxárvirkjun frá 01. janúar 1942 til 01.06. 1959 og var á þeim tíma félagi í Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar og greiddi í hann iðgjöld. Frá 01. ágúst 1980 fór stefnandi að fá eftirlaunagreiðslur úr lífeyrissjóðnum. Telur hann að sér beri hærri greiðsla úr lífeyrissjóðnum en hann fær nú greitt, en við starfalok hafði stefnandi áunnid sér rétt til þess að fá 40,5% af þeim tekjum er stjórn sjóðsins byggir lífeyrisgreiðslur sínar á. Telur stefnandi að sá reiknigrunnur sem tekjuhlutfall hans er reiknað af sé of lágur og færir fram þá málástaðu, er hér síðar verður reifuð, að upphæð eftirlaunanna sé hundraðshluti af þeim launum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðsfélaginn gegndi síðast og í þessu tilviki hafi sambærileg laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun í desember 1984 verið kr. 46.717,50 og af þeirri fjárhæð 40,5 hundraðshlutar sem gerir kr. 18.920,59. En stefnandi hafi hins vegar fengið greidd eftirlaun þennan mánuð kr. 12.869,00 og nemi því munurinn á greiddum launum og þeim eftirlaunum sem stefnandi telur sig eiga vangreidd kr. 6.051,59, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Fyrir liggur í málinu á dskj. nr. 15 bréf Karls Jörundssonar, starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, frá 21. janúar 1987, þar sem hann staðfestir að stefnandi hafi þegið eftirlaun hjá stefnda skv. kjarasamningi Vélstjóraráðs Íslands við Landsvirkjun. Sé launataxti stefnanda miðaður við mánaðar-kaup eftir 10 ára starf plús 25% álag.

Einnig liggur fyrir í málinu á dskj. nr. 13 bréf dags. 22. janúar 1987 frá launadeild Landsvirkjunar til Knúts Ottersted, svæðisstjóra Landsvirkjunar á Akureyri, þar sem staðfest er að föst laun Hédins Stefánssonar, stöðvarstjóra Laxárvirkjunar, hafi verið í desember 1984 sem hér segir: „Dagvinna kr. 28.221,00, „vaktaálag“ kr. 8.513,00, 25% umsamið álag kr.

9.184,00 eða samtals kr. 45.918,00 og að hinn 1. janúar 1985 hafi laun Héðins þessa hækkad vegna starfsaldurs um 1,44%.

Á dskj. nr. 4 liggur frammi bréf Knúts Ottersted, dags. 03. nóvember 1980, til stefnanda, þar sem hann upplýsir að stjórn Laxárvirkjunar hafi samþykkt þann 02. desember 1968 að frá og með 01. janúar 1968 skyldu laun stöðvarstjóra við Laxárvirkjun vera 25% hærri en laun venjulegra vaktmanna virkjunarinnar.

Á dskj. nr. 7, sem er launaskrá Vélstjórafélags Íslands sem gildir frá 06. nóvember 1984 fyrir vélstjóra í orkuverum Landsvirkjunar, er kaup stöðvarstjóra Laxárvirkjunar eins og mánaðarkaup vaktavinnumannna skv. þeim texta eða 36.735,00. Reyndar skeikar um 1 kr. Héðni í óhag miðað við dskj. nr. 3, en skv. sömu launaskrá er kaup eftir 10 ára starf fyrir dagvinnu á mánuði kr. 28.712,00, fyrir vaktavinnu kr. 37.374,00. Miðað við þessa launaskrá og þær málástæður sem stefnandi byggir mál sitt á ættu því að leggjast 25% ofan á þetta síðastgreinda mánaðarkaup, eða kr. 9.343,50, og heildarmánaðarkaup stöðvarstjóra eftir 10 ára starf við Laxárvirkjun því að vera kr. 46.717,50 og af því 40,5% kr. 18.920,59 og mismunurinn á greiddu desemberkaupi stefnanda 1984 því kr. 6.051,59.

Svo sem áður er vikið að, byggir stefnandi málástæður sínar á reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar er gildir frá 01. janúar 1967 og vitnar m.a. í 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, þar sem segir að upphæð eftirlauna sé hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Sé þetta ítrekað í 14. gr. 2. mgr. reglugerðarinnar, þar sem segir að áunnin lífeyrisréttindi skuli reiknast af launum þeim í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau séu á hverjum tíma, enda sé um sambærilegt starf að ræða, sbr. ákv. 2. mgr. 13. gr.

Á þetta sjónarmið stefnanda hefur stefndi ekki viljað fallast og bendir m.a. máli sínu til stuðnings á samkomulag um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Akureyrarbæjar frá 28. ágúst 1980 sem hafi verið liður í aðalkjarasamningum milli Akureyrarbæjar og Starfsmannafélags Akureyrar. Í samkomulagi þessu sé að finna ákvæði um viðbótarlífeyri til vaktavinnufólks og bendir stefndi einkum á gr. 3.6.2 og 3.6.3 í þessu samkomulagi. Frá og með þessum tíma hafi verið farið að taka af vaktavinnulaunum í lífeyrissjóðinn 4% af launum sjóðfélaga gegn 6% mótframlagi launagreiðanda. Undir þetta ákvæði hafi stefnandi aldrei getað fallið þar sem hann hafi ekki frekar en aðrir eftirlaunaþegar, sem líkt á stóð og um hann, greitt í sjóðinn af launum vegna vaktavinnu. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. reglugerðar sjóðsins um að eftirlaun séu hundraðshluti af þeim launum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast eigi því ekki við varðandi þessa sérstöku viðbótarlífeyrisgreiðslu, er stefnandi krefur í máli þessu. Stefnandi hafi notið hinna föstu eftirlauna, sem að fjárhæð til hafi

miðast við réttindi tíma hans í sjóðnum miðað við launaflokk stöðvarstjóra við Laxárvirkjun sem fari nú eftir samningi sem Landsvirkjun er aðili að, og um þessi eftirlaun gildi hin tilvitnuðu ákvæði. Og er þessi skilningur sem fram kemur í málflutningi stefnda áður reifaður í bréfi, dags. 14. janúar 1985, frá stefnda til stefnanda á dskj. nr. 8, en þar segir að á fundi Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar hinn 11. janúar 1985 hafi verið tekið til umfjöllunar erindi stefnanda, þar sem stefnandi leitaði eftir breytingu á lífeyrisgreiðslu þannig að lífeyrir hans verði miðaður við vaktavinnutaxta vélstjóra í orkuverum Landsvirkjunar í stað dagvinnutaxta, eins og gert hafi verið. Stjórn eftirlaunasjóðs segist í bréfinu „ekki geta fallist á breyttan viðmiðunartaxta fyrir framangreindan lífeyrisþega, þar sem hann greiddi aldrei iðgjöld af vaktaálagi, enda hafði hann lokið iðgjaldagreiðslum sínum til sjóðsins áður en upp var tekin regla um iðgjöld af vaktaálagi“.

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið, þá er það upplýst í málinu að stefnandi hefur fengið greitt úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar eftirlaun miðað við mánaðarkaup eftir 10 ára starf plús 25% álag. Skv. gögnum málsins hafði stefnandi látið af störfum er álagsgreiðsla þessi var ákveðin af stjórn Laxárvirkjunar þann 02. desember 1968. Sbr. dskj. nr. 4 og skv. dskj. nr. 13 ber það með sér að föst laun stöðvarstjóra Laxárvirkjunar í desember 1984 hafa miðast við vaktavinnukaup og 25% álag lagst ofan á það mánaðarkaup. Ekki verður fallist á þá röksemd stefnda að synja beri stefnanda um að greiða honum eftirlaun miðað við mánaðarkaup vaktavinnumannna þar sem fyrir liggur yfirlýsing stefnda um að hafa greitt honum eftirlaun af því 25% álagi sem til kom eftir starfslok stefnanda og stefnandi því ekki greitt iðgjald af þeirri fjárhæð. Verður því að lita til launa þeirra er stöðvarstjóra Laxárvirkjunar voru greidd í desember 1984 og fellst dómarrinn á þann skilning stefnanda að eins og fram kemur í 13. gr. 2. mgr. sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðsins, að upphæð eftirlaunanna skuli vera hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast, og skv. þessu eru því kröfur stefnanda teknar til greina að fullu.

Skv. þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn að mati dómsins kr. 30.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar, greiði stefnanda, Ágústi Halblaub, kr. 6.051,59 með 2,75% drv. á mánuði eða broti úr mánuði frá 01.01. 1985 til 01.02. s.á., með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 12.03. s.á., með 4% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., með 3,5%

drv. á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 3,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 2,25% drv. á mánuði frá þ.d. til 01.03. 1987 og síðan 2,5% drv. á mánuði frá þ.d. til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1988.

Nr. 33/1987. **Bragi Björnsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorsteini Hreggviðssyni

Sverri Kristinssyni og

Unnsteini Beck

f.h. Eignamiðlunarinnar og

persónulega

(Skúli J. Pálmason hrl.)

Fasteigakaup. Fasteignasala. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1987. Hann krefst aðallega að óskiptu skaðabóta úr hendi stefndu 504.400,00 króna með ársvöxtum þannig: 47% frá 10. mars 1983 af 77.600,00 krónum til 10. júní s.á., af 155.200,00 krónum frá þeim degi til 21. september s.á., 39% frá þeim degi til 25. s.m., af 232.800,00 krónum frá þeim degi til 20. október s.á., 36% frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 20. desember s.á., 25% frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% frá þeim degi til